

Sp.

11. Tillaga til þingsályktunar

um, að ríkisstjórnin gefi Alþingi nú þegar skýrslu um, hvaða rannsóknir og mælingar hafa verið framkvæmdar af erlendu félagi í Þjórsá og hvað þær mælingar og rannsóknir hafa leitt í ljós.

Frá Einari Olgeirssyni.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli nú þegar gefa Alþingi skýrslu um, hvaða mælingar og rannsóknir hafa verið framkvæmdar af hálfu erlends hlutafélags í Þjórsá og hvað þær rannsóknir hafa leitt í ljós, bæði hvað snertir orku hennar og efni, sem kunna að hafa fundizt þar. Einnig um hvort samningar hafi nokkrir farið fram við hið erlenda félag.

Greinargerð.

Erlent auðfélag — að líkindum hinn brezki aluminiumhringur — mun hafa fengið leyfi til þess að láta mæla og rannsaka Þjórsá, virkjunarskilyrði þar o. fl. Talið er, að þessum rannsóknum sé nú lokið.

Alþingi á kröfu á því að fá að vita nú þegar, hvað mælingar þessar og rannsóknir hafa leitt í ljós, því að vafalaust eru þær ríkisstjórninni þegar kunnar.

Alkunna er, að íslenska þjóðin er því andvíg, að nokkru erlendu auðfélagi séu veitt sérréttindi á landi voru. Er þess því full þörf, að Alþingi gæti þess í tíma, að ríkisstjórnin að því forspurðu gangi eigi svo langt í samningum við erlent auðfélag, að eigi verði aftur snúið. Því er þessi þingsályktunartillaga fram komin, til þess að Alþingi gefist kostur á að koma í veg fyrir, að farið verði að hefja samninga við erlent auðfélag um sérréttindi á landi voru, ef hætta væri á slíku.